

Fimmtudaginn 30. apríl 1953.

Nr. 35/1952. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn

Sigurbirni Guðmundi Björnssyni
 (Gústaf A. Sveinsson)

og

Sigurjóni Maríassyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Tilraun til fjárkúgunar.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið áfrýjað einungis, að því er varðar ákærðu Sigurbjörn Guðmund Björnsson og Sigurjón Maríasson.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Komu þá fyrir dóm og staðfestu framburði sína vitni, sem héraðsdómari hafði látið undan falla að heitfesta, áður en hann lagði dóm á málið. Með þessari athugasemd og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Hvor hinna ákærðu greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00. Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur Björnsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00. Ákærði Sigurjón Maríasson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar, hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00. Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns.

sóknarlaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. janúar 1952.

Ár 1952, föstudaginn 4. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4558—4560/1951: Ákærvaldið gegn Hjálmtý Guðvarðssyni, Sigurbirni Guðmundi Björnssyni og Sigurjóni Mariassyni, en mál þetta var tekið til dóms 30. f. m.

Í máli þessu er Hjálmtýr Guðvarðsson fornsali, Hverfisgötu 32, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa brotið gegn 14. gr., sbr. 27. gr., en til vara 30. gr. og 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, með því að hafa í vörzlu sinni þriðjudaginn 13. marz s.l. ólöglegt áfengi, sem hann eigi gat fært sönnur á, hvernig hann hefði fengið, og með því að selja þetta áfengi ákærða Sigurjóni Mariassyni.

Þeir Sigurbjörn Guðmundur Björnsson, fyrrverandi lögregluþjónn, Miklubraut 80 og Sigurjón Mariasson, fyrrverandi strætisvagnastjóri, Langholtsvegi 108, eru ákærðir fyrir að hafa gerzt sekir um tilraun til fjárkúgunar samkvæmt 251. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, með því að hafa síðari hluta föstudagsins 16. marz s.l. hótad ákærða Hjálmtý í verzlun hans í Ingólfsstræti 11 uppljóstran á ólöglegri áfengissölu hans, ef hann eigi greiddi þeim 2000 krónur eða eitthvað lægri upphæð eftir samkomulagi.

Hinir ákærðu eru allir ákærðir til refsingar og málskostnaðargreiðslu, ákærðu Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón einnig til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna og ákærði Sigurbjörn Guðmundur til að sæta upptöku hins ólöglega áfengis.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Hjálmtýr fæddur 9. ágúst 1912, Sigurbjörn Guðmundur 17. marz 1921 og Sigurjón 9. maí 1921. Þeir hafa sætt ákærum og refsingum, sem hér segir:

Ákærði Hjálmtýr Guðvarðsson:

1931 13/11 Dómur Hæstaréttar: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. og 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 231. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869 með hliðsjón af 63. gr. sömu laga.

1933 27/10 Sætt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.

1933 9/12 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, 100 kr. sekt og 600 kr. aukagjald fyrir brot gegn 13., 1. og 27. gr. áfengislaga. Dómur Hæstaréttar í sama máli 28/2 1934, 1000 króna sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

1934 14/3 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venju-

- legt fangaviðurværi fyrir innbrotspjófnað og in solidum 150 kr. skaðabætur (veitt uppreist æru 31/12 1945).
- 1934 24/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 300 króna sekt fyrir ölvun og ósvifni við lögregluna. Staðfest í Hæstarétti 22/2 1935.
- 1936 3/1 Sætt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1937 17/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 1000 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í Hæstarétti 24/1 1938.
- 1937 6/11 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 kr. sekt og 10 daga daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir áfengissölu.
- 1937 30/12 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1948 18/3 Reykjavík. Dómur lögregluréttar, 1000 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaganna.
- 1949 31/3 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1949 20/5 Reykjavík. Sátt, 2000 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.
- 1950 11/7 Reykjavík. Kærður fyrir meint verðlagsbrot. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 23/12 1950.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur Björnsson:

Í Reykjavík.

- 1941 14/5 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á reglum um einstefnuakstur og ljósleysi á reiðhjóli.
- 1950 19/7 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaga.

Ákærði Sigurjón Mariasson:

- 1941 21/3 Sátt á Ísafirði, 25 kr. sekt, fyrir brot á 17. gr. laga nr. 33 1935.
- 1941 18/12 Sátt á Ísafirði, 20 kr. sekt, fyrir brot á 1. mgr. 5. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931, sbr. lög nr. 23 1941.
- 1945 20/12 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir óspektir á almannafæri.
- 1948 21/9 Reykjavík. Kærður fyrir líkamsárás af Jóni G. Magnússyni, Lindarbrekku. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins.
- 1949 24/1 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna og 9. gr. 1. mgr. umferðalaganna.
- 1949 2/11 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðaaakstur.
- 1950 11/5 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
- 1950 21/4 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðaaakstur.

Verða nú raktir málavextir.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur Björnsson gerðist lögregluþjónn í lögregluliðinu í Reykjavík á árinu 1942 og gegndi því starfi, unz atburðir þeir gerðust, er mál þetta er risið af. Hafa þeir, hann og meðákærði Sigurjón, verið kunningjar nokkur undanfarin ár. Ákærði Sigurbjörn Guðmundur átti þritugsafmæli 17. marz s.l. og hugðist þá gera sér dagamun. Hitti hann ákærða Sigurjón nokkrum dögum fyrir afmælið og bað hann

að kaupa fyrir sig áfengi. Hafði Sigurjón þá fengið vitneskju um, að ákærði Hjálmtýr mundi hafa til sölu spíritus og nefndi hann þetta við ákærða Sigurbjörn Guðmund. Varð það að samkomulagi, að ákærði Sigurjón keypti spíritus hjá Hjálmtý, þar sem verðið mundi vera hagstætt. Skýra þeir Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón svo frá, að Sigurbjörn Guðmundur hafi afhent Sigurjóni 500 kr. til áfengis kaupanna. Þeir hafi ekið að verzlun ákærða Hjálmtýs og Sigurjón farið inn og rætt við hann og orðið hafi að samkomulagi, að hann fengi keyptan spíritus seinna um daginn eða um kl. 6. Á tilsettum tíma hafi Sigurjón farið einn til Hjálmtýs og fengið hjá honum áfengi. Ekki er fullupplýst, hversu mikið áfengið hafi verið. Segist Hjálmtýr hafa selt Sigurjóni 3 þriggjaþela flöskur á samtals 300 krónur, en Sigurjón segist hafa borgað 450 kr. og fengið 4 fullar þriggjaþela flöskur og eina hálfþösku og því magni kveðst ákærði Sigurbjörn Guðmundur síðan hafa veitt viðtöku frá Sigurjóni. Kveður Hjálmtýr flöskurnar hafa innihaldið óblandaðan spíritus, en um það efni eru ákærðu á öðru máli, eins og síðar verður rakið.

Föstudaginn 16. marz s.l. nokkru fyrir kl. 17 hringdi ákærði Hjálmtýr til Ágústs Jónssonar rannsóknarlögregluþjóns og tjáði honum, að tveir menn hefðu komið til sín nokkru áður, annar einkennisklæddur lögregluþjónn, og hótað að kæra hann fyrir áfengissölu, ef hann greiddi þeim ekki 2000 krónur. Kvaðst Hjálmtýr hafa fengið umhugsunarfrest hjá mönnunum og kæmu þeir aftur kl. 18. Hjálmtýr átti einnig tal við Svein Sæmundsson yfirlögregluþjón og skýrði honum frá þessu. Varð það úr, að Hjálmtý var ráðlagt að hafa menn viðstadda samtal sitt við mennina kl. 18. Hjálmtýr náði því næst í 3 menn, Lúðvík Ottó Guðjónsson verzlunarmann, Bólstaðahlíð 12, Ingólf Pálsson verzlunarmann, Ásvallagötu 15 og Þórhall Sigurjónsson sölumann, Miðtúni 60. Hagar þannig til í verzlunarhúsnæði Hjálmtýs, að tvær kompur eru þiljaðar af, önnur í norðausturhorni, en hin í suðvesturhorni. Inn í annað þessara herbergja lét Hjálmtýr mennina fara og biða þar, en er ákærðu Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón komu til viðtals við Hjálmtý, fór hann með þá inn í hitt herbergið. Færðu þeir Ingólfur, Þórhallur og Lúðvík Ottó sig þá fram í verzlunina og hleruðu við herbergi það, er ákærðu voru inni í.

Þykir nú verða að rekja fyrst framburði Sigurjóns og Sigurbjörns Guðmundar um aðdraganda þessara skipta þeirra við Hjálmtý.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur skýrir svo frá, að fimmtudagskvöldið 15. marz hafi hann við annan mann drukkið úr einni af flöskum þeim, er Sigurjón útvegaði honum. Hafi þeir því nær lokið úr flöskunni og kveðst ákærði eftir áfengisáhrifunum að dæma hafa komizt á þá skoðun, að eigi væri spiritusinn óblandaður. Hafi hann því næsta morgun haft með sér sýnishorn af áfenginu, er hann fór til vinnu sinnar. Um morguninn hitti hann ákærða Sigurjón af hendingu og fékk hann til að aka með sig að Atvinnudeild Háskólans, þar sem hann kom sýnishorninu til rannsóknar. Ekki kveðst hann hafa skýrt Sigurjóni frá erindi sínu, fyrr en þeir voru aftur komnir niður í miðbæ. Síðdegis kveðst ákærði Sigur-

björn Guðmundur hafa náð í niðurstöðu rannsóknarinnar, er hafi verið á þá leið, að í sýnishorninu hafi fundizt 38,3% ethylalkohol, en methylalkohol ekkert.

Hafi hann svo hitt Sigurjón af tilviljun í miðbænum milli kl. 15 og 16 og tjáð honum tíðindin. Segir ákærði, að þeir hafi ræðst við um, hvað gera skyldi í tilefni af þessum prettum Hjálmtýs. Kveðst Sigurbjörn Guðmundur hafa haft á orði að kæra Hjálmtý, en Sigurjón talið réttara að krefja hann bóta fyrir svikin og fyrirhöfn þeirra í sambandi við þau. Hafi þeir síðan orðið samferða á fund Hjálmtýs.

Ákærði Sigurjón segir á sama átt frá atriðum þeim, er nú hafa verið rakin. Kveður hann Sigurbjörn Guðmund hafa, að aflokinni ferð þeirra að Atvinnudeildinni, sagt honum, að hann vildi vita, hvort spíritusinn væri ósvikin vara, en ekki lét hann þá orð falla um, að hann hefði grun um, að spíritusinn væri blandaður. Sigurjón segir, að þeir félagar hafi svo hitzt um kl. 15 á lögreglustöðinni, og hafi það áður verið samkomulag þeirra og þá hafi Sigurbjörn Guðmundur tjáð honum, að spíritusinn hafi við rannsókn verið mjög blandaður og hafi þeir þá ákveðið að krefja Hjálmtý bóta. Segir Sigurjón, að ætlunin hafi verið að krefja hann um 300 kr. vegna umræddra áfengiskaupa, eitthvað vegna fyrri áfengiskaupa Sigurjóns og loks eitthvað fyrir fyrirhöfnina.

Er þá komið að því að lýsa því, hvað hinum ákærðu fór á milli á fundum þeim, er þeir áttu fimmtudaginn 16. marz í verzlun Hjálmtýs, en talsvert bar á milli í frásögn þeirra af þessum skiptum.

Ákærði Hjálmtýr segir, að meðákærðu hafi komið til sín um kl. 16. Hafi Sigurjón dregið upp vottorð frá Atvinnudeild Háskólans og borið á hann, að spíritus sá, er hann hefði selt þeim félögum, væri vatni blandinn. Hafi hann svo farið fram á, að hann (Hjálmtýr) greiddi þeim 2000 krónur, ella mundu þeir kæra hann fyrir áfengissölu. Hann hafi þó léð máls á að lækka kröfuna niður í 1500 kr. Hjálmtýr kveðst strax hafa hugsað sér að kæra atferli mannanna og hafa því beðið um frest til kl. 18. Komið hafi til tals, að hann hefði ekki handbært fé, en til mála kæmi, að hann samþykkti víxil fyrir upphæðinni, og hafi Sigurbjörn Guðmundur þá afhent honum tvö víxileyðublöð. Er mennirnir voru farnir, snéri Hjálmtýr sér til rannsóknarlögreglunnar, sem áður greinir. Þeir Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón komu svo aftur laust fyrir kl. 18 og báru fram kröfu, sem fyrr, og ræddu þeir nokkuð málið. Kveðst Hjálmtýr hafa spurt, hvort þeir létu sér ekki nægja 1200 kr., en Sigurbjörn Guðmundur hafi komizt svo að orði, að hann gerði sig ekki ánægðan með minna en 1000 kr. í sinn hlut.

Eftir að þeir höfðu ræðst við um stund, hringdi Hjálmtýr síðan til Sveins Sæmundssonar og tjáði honum, að mennirnir væru komnir, en Ingólfur Pálsson, er hlýtt hafði á samtal ákærða, fór og náði í lögregluþjón, er gætti þeirra Sigurbjörns Guðmundar og Sigurjóns, unz þeir voru handteknir.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur kveðst hafa farið með Sigurjóni að verzlun Hjálmtýs og hafi Sigurjón fyrst farið inn, en Sigurbjörn Guð-

mundur kveðst hafa farið inn rétt á eftir og tekið þátt í samtalinu. Kveður Sigurbjörn Guðmundur, að Sigurjón hafi stungið upp á, að Hjálmtýr greiddi 2000 kr. til að losna við öll óþægindi, en Hjálmtýr hafi boðizt til að greiða 1200 kr. og hafi þeir félagar samþykkt, að hann greiddi það, auk 300 króna sem bætur fyrir, að áfengið var svikið. Þá hafi Hjálmtýr beðið um frest til kl. 18, en áður hafi komið til tals, að hann samþykkti víxil fyrir upphæðinni og kveðst ákærði Sigurbjörn Guðmundur hafa fengið honum tvö víxileyðublöð, er hann hafði á sér.

Ákærði segir, að fyrir sér hafi vakað að fá bætt þau svik, er Hjálmtýr hefði haft í frammi með því að selja þeim áfengið sem óblandaðan spíritus.

Hann hefur sagt, að hann mundi hafa sætt sig við að fá 300 kr. greiðslu og neitar því, að hann hafi nokkru sinni haft á orði, að hann vildi hafa 1000 kr. í sinn hlut, en hann muni hafa sagt, að 1000 kr. væru ekki of mikið og átt við það, að það væri ekki of mikið handa báðum. Hann neitar því ekki, að það hafi verið hugmyndin að hafa meira upp úr þessu en 300 kr. og segist gjarnan hafa viljað það, ef Hjálmtýr hefði samþykkt það. Hann kveður aldrei hafa verið rætt um það milli hans og Sigurjóns, hvernig skipta skyldi fengnum, ef til hefði komið. Ákærði segir, að er þeir félagar komu til Hjálmtýs um kl. 18 og lentu í þvargi við hann út af upphæð bótanna, hafi hann sagt við Sigurjón, að það væri ómögulegt að vera að þessu og beztt væri að fara.

Á síðara stigi rannsóknarinnar hefur ákærði Sigurbjörn Guðmundur breytt framburði sínum að nokkru og í skriflegri skýrslu, er hann sendi dóminum 27. marz, vill hann láta líta svo út sem ætlun sín hafi verið sú ein að fá endurgreiðslu á nokkrum hluta þess fjár, er hann hafði greitt Hjálmtý fyrir áfengið, eða sem svaraði því, hve mikið spiritusinn var blandaður. Þykir þó ljóst að leggja verði fremur til grundvallar fyrri skýrslu ákærða, er tekin var fyrir dómi í byrjun málsins, enda hefur ákærði ekki gefið aðrar skýringar á breytingu, er hann gerði á framburði sínum en þær, að hann hafi verið utan við sig, er hann kom fyrst fyrir dóm.

Ákærði Sigurjón segir, að er þeir félagar komu til Hjálmtýs í fyrra skiptið, hafi þeir einungis sagt honum, að þeir vildu fá skaðabætur, án þess að þeir tilnefndu neina ákveðna upphæð, en Hjálmtýr hafi að fyrra bragði nefnt 2000 krónur og síðar 1500 krónur og hafi þeir félagar samþykkt það. Eitthvað hafi hann minnst á 1200 kr. Hann hafi sagt, að hann hefði ekki handbærar nema 2—300 kr., en stungið upp á að samþykkja víxil og hafi Sigurbjörn Guðmundur afhent honum eyðublöð. Sigurjón segir, að hann og Sigurbjörn hafi hótað að kæra Hjálmtý, ef hann fengist ekki til að greiða þeim bætur vegna vörusvikanna.

Sigurjón segir, að í síðara skiptið, sem þeir töluðu við Hjálmtý, hafi Hjálmtýr nefnt sömu upphæð og fyrr, en síðar hafi þeir þráttað um upphæðina um stund, en að síðustu kveðst hann hafa sagt, að ekki þýddi að þrátta um þetta og gert sig líklegan til að fara. Hafi Hjálmtýr þá skýrt þeim frá ráðstöfunum þeim, er hann hafði gert, og hafi

siðan komið lögregluþjónn, er lét þá félaga biða, unz þeir voru teknir höndum.

Hefur Sigurjón, þrátt fyrir framburð meðákærða Hjálmtýs og Sigurbjörns Guðmundar, ekki viljað viðurkenna, að hann hafi stungið upp á ákveðinni upphæð við Hjálmtý, en viðurkennir þó, að ætlunin hafi verið að fá meira en 300 kr. út úr þessu. Enda kveðst Sigurjón áður hafa keypt áfengi af Hjálmtý og hafa grun um, að það hafi stundum verið blandað.

Nú verða raktir framburðir vitna þeirra, er hlustuðu eftir samtali ákærðu um kl. 18 umræddan dag.

Ingólfur Pálsson, sem er starfsmaður hjá ákærða Hjálmtý, kveðst hafa verið inni í öðru herberginu, er mennirnir komu í fyrra skiptið, og heyrð ávæning af samtali þeirra, en ekki hafi hann þó í fyrstu veitt því neina verulega athygli. Hann kveðst þó hafa heyrt, að mennirnir báru upp á Hjálmtý, að hann hefði selt áfengi. Eftir að mennirnir voru farnir, bað Hjálmtýr Ingólf að ná í fleiri votta til að hlusta á, er mennirnir kæmu aftur um kl. 18. Fór Ingólfur þá og náði í Lúðvík Ottó, en Þórhall bar að af hendingu og bað Hjálmtýr hann að biða. Er mennirnir voru komnir kl. 18, fóru vitnin þrjú að norðurherberginu, þar sem ákærðu ræddust við. Ingólfur kveðst hafa heyrt, að mennirnir margitrekuðu, að þeir mundu sleppa Hjálmtý, ef hann greiddi 2000 kr. Ingólfur telur sig hafa getað greint sundur málróm ákærðu og hafa heyrt, að Sigurjón hafði á orði að lækka kröfuna niður í 1500 kr., en að Sigurbjörn Guðmundur komst þá svo að orði, að hann gerði sig ekki ánægðan með minna en 1000 krónur í sinn hlut. Hann minnir, að eitthvað væri minnst á vixil. Ingólfur kveðst hafa farið út úr búðinni, er mennirnir höfðu ræðst við 10—15 mínútur, og náð í lögregluþjón, er var á göngu skammt frá.

Lúðvík Ottó Guðjónsson skýrir svo frá, að Hjálmtýr hafi sagt við hann, er hann kom í verzlunina, að tveir menn hafi komið til sín og hótad að kæra hann fyrir áfengissölu, ef hann greiddi þeim ekki 2000 krónur fyrir að þegja, og beðið hann og þá Ingólf og Þórhall að fylgjast með samtali sínu við mennina, er þeir kæmu aftur. Þeir hlýddu svo allir á samtal ákærðu í hornherberginu. Lúðvík Ottó kveðst hafa þekkt rödd Hjálmtýs, en ekki raddir komumanna, enda sá Lúðvík þá ekki fyrr en þeir fóru. Hann segist hafa heyrt, að komumenn kröfðu Hjálmtý um 2000 kr., ef þeir ættu að þegja yfir því, að hann hefði selt þeim spíritusblöndu, er innihaldið hefði of lítið áfengi. Heyrði Lúðvík, að þeir þráttuðu um þetta fram og aftur og hafi báðir komumenn samþykkt, að Hjálmtýr greiddi 1500 krónur. Hann heyrði, að Hjálmtýr minntist á, að hann hefði ekki nema 2—300 kr. í reiðufé og að eitthvað var minnst á vixil.

Þórhallur Sigurjónsson kveðst hafa komið í búðina til Hjálmtýs og hafi hann þá sagt, að til sín hefði komið tveir menn og ætlað að hafa af sér fé. Hafi Hjálmtýr beðist þess, að hann dokaði við og hleraði eftir samtali sínu við mennina, sem væntanlegir væru aftur kl. 6, og gerði

Þórhallur þetta. Hann kveðst hafa heyrt, að mennirnir kröfðu Hjálmtý um 2000 krónur og að annar mannanna hafi nefnt 1500 krónur, en hinn hafi þá sagt, að hann vildi fá 1000 krónur í sinn hlut, og telur Þórhallur, að það hafi lögregluþjónninn (ákærði Sigurbjörn Guðmundur) sagt, enda segist Þórhallur hafa kannast við ákærða Sigurjón og þekkt rödd hans. Þórhallur hafði að beiðni Hjálmtýs blað og blýant hjá sér, meðan hann hlýddi á samtalið, og skrifaði upp nokkrar setningar af samtalinu. Meðal setninga þessara eru þessar: „Sex hundruð króna sekt“ og „Sekt, eins og spiritussekt, er 1500 krónur,“ „Pressa mig“, og „Við viljum ekki láta svikja okkur.“ Kveður Þórhallur komumenn hafa haft á orði, að Hjálmtýr hefði selt þeim spiritus og hann hefði sagt, að hann mundi ekki fá nema 600 króna sekt. Annars eru setningar þær, er Þórhallur reit hjá sér, þannig, að þær veita harla litlar upplýsingar um það, er ákærðu fór á milli.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur var í einkennisbúningi lögregluliðs-ins, er hann fór á fund Hjálmtýs umræddan dag. Sigurbjörn Guðmundur segir, að Sigurjón hafi viðhaft ummæli eitthvað á þá leið, að það væri vænlegra til árangurs í skiptum við Hjálmtý, að hann væri einkennis-klæddur, en ekki kveðst Sigurjón minnst þess að hafa viðhaft þessi ummæli.

Hafa nú verið raktar þær upplýsingar, er fengizt hafa í málinu. Öpplýst er, hvaðan Hjálmtýr fékk áfengi það, er hann seldi meðákærðu, og hefur hann ekki fært sönnur að því, hvar hann hafi fengið það. Eins og áður getur, neitar Hjálmtýr því, að hann hafi blandað spiritusinn, er hann seldi meðákærðu. Og í tveim sýnishornum, er tekin voru af áfengi, er ákærði Sigurbjörn Guðmundur afhenti dóminum og kvað vera áfengi, er Hjálmtýr seldi honum, reyndist áfengismagnið 90,5 og 90,3 rúm %. Útilokar það að vísu ekki, að eitthvað af áfenginu kunni að hafa verið blandað, er það kom í hendur ákærða Sigurbjörns Guðmundar og verið með alkóhólinnihaldi 38,3%, eins og sýnishorn það, er hann afhenti Atvinnudeild Háskólans til rannsóknar.

Það verður þó að telja, að þeir ákærðu Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón hafi ætlað sér og reynt raunverulega að fá ákærða Hjálmtý til að greiða sér fjárupphæð, er hafi verið hærri en sú upphæð, er þeir með nokkru móti gátu talið, að þeir ættu hjá Hjálmtý með tilliti til þess, að áfengið hefði verið svikið að gæðum og að þeir hafi hótad honum að kæra hann fyrir áfengissölu, til að knýja fram greiðsluna. Þykir þetta fullsannað með framburðum ákærðu sjálfra og með hliðsjón af framburðum vitna þeirra, er hlýddu á samtal ákærðu, en framburðir þessir hafa verið raktir. Hafa ákærðu Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón því gerzt brotlegir við 251., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sigurbjörn Guðmundur hefur ekki verið ákærður fyrir brot gegn ákvæðum XIV. kafla hegningarlaganna og kemur því eigi til álita að sakfella hann fyrir brot á neinu þeirra ákvæða.

Ákærði Hjálmtýr hefur hins vegar gerzt brotlegur við 14. gr. áfengis-laga nr. 33/1935 og þykir eftir atvikum rétt að láta hann sæta refsingu

samkvæmt 27. gr. sömu laga, enda heldur ákærði því fram, að hann hafi keypt áfengið af sjómanni, sem þó ekki hefur upplýstzt, hver er. Þá hefur ákærði Hjálmtýr brotið 15. gr., sbr. 33. gr. nefndra laga, með því að selja áfengi og er brot hans ítrekað.

Þykir refsing Hjálmtýs hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til Menningarsjóðs, og greiðist hún innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en afplánist ella varðhaldi 35 daga.

Refsing hvors þeirra ákærðu, Sigurbjörns Guðmundar og Sigurjóns, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði, og er þá haft í huga, að þeir misstu báðir atvinnu sína, er málarekstur þessi hófst.

Rétt þykir, að gæzluvarðhald Sigurbjörns Guðmundar og Sigurjóns, 1 dagur, komi refsingum þeirra til frádráttar samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga ber að svipta hina ákærðu, Sigurbjörn Guðmund og Sigurjón, kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Áfengi það, er tekið var úr vörzlum Sigurbjörns Guðmundar, skal vera upptækt ríkissjóði til handa.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað allan, og greiði Sigurbjörn Guðmundur 700 kr. í þóknun til skipaðs verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmans, og Sigurjón 700 kr. í þóknun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hdl., en annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dráttur varð á dómsuppkvaðningu í máli þessu vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærðu Sigurbjörn Björnsson og Sigurjón Mariasson sæti hvor um sig fangelsi 60 daga. Þeir eru sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Gæzluvarðhald þeirra í 1 dag komi refsingu þeirra til frádráttar.

Ákærði Hjálmtýr Guðvarðsson greiði 5000 króna sekt til Menningarsjóðs og afplánist sektin varðhaldi 35 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal upptækt ríkissjóði til handa.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur greiði 700.00 í þóknun til skipaðs verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hrl., og ákærði Sigurjón kr. 700.00 til skipaðs verjanda síns Kristjáns Eiríkssonar hdl., en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.